

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna sameiningar
Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar.

Frá meiri hluta atvinnuveganefndar (JónG, PJP, HarB, ÁsF, BjÓ, HE).

1. 6. gr. orðist svo:

Í stað orðsins „Hafrannsóknastofnunar“ í 5. másl. 1. mgr. 6. gr., 1. og 2. mgr. 9. gr., tvívegis í 2. mgr., 3. mgr. og 6. mgr. 10. gr., 1. mgr. 11. gr. og tvívegis í 13. gr. laganna, og í stað orðsins „Hafrannsóknastofnun“ tvívegis í 5. mgr. 10. gr. og 13. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Haf- og vatnarannsóknir; og í stað orðanna „getur Hafrannsóknastofnun“ í 4. mgr. 10. gr. laganna kemur: geta Haf- og vatnarannsóknir.

2. Við XII. kafla bætist ný grein, svohljóðandi:

Í stað orðsins „Veiðimálastofnun“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: Haf- og vatnarannsóknir.

3. 13. gr. orðist svo:

Í stað orðsins „Veiðimálastofnunar“ í 2. mgr. 11. gr., 1. mgr. 16. gr., tvívegis í 1. mgr. og í 4. mgr. 17. gr., 1. og 3. mgr. 18. gr., 2. mgr. 19. gr., 2. mgr. 20. gr., 2. mgr. 21. gr., 1. og 2. mgr. 24. gr., 25. gr., 3. mgr. 27. gr., 3., 5. og 6. mgr. 28. gr., 2. mgr. 29. gr., 3. mgr. 30. gr., 2. mgr. 32. gr. og 1. mgr. 34. gr. laganna kemur: Haf- og vatnarannsóknir; og í stað orðanna „Veiðimálastofnun safnar“ í 2. mgr. 13. gr. laganna kemur: Haf- og vatnarannsóknir safna.

4. 14. gr. orðist svo:

Í stað orðsins „Hafrannsóknastofnunar“ þrívegis í 1. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 11. gr. laganna kemur: Haf- og vatnarannsóknir; og í stað orðanna „Hafrannsóknastofnun sem fylgist með tilrauninni og birtir“ í ákvæði til bráðabirgða I í lögnum kemur: Haf- og vatnarannsóknir sem fylgjast með tilrauninni og birta.

5. Í stað 15. gr. komi tvær nýjar greinar, svohljóðandi:

a. (16. gr.)

Í stað orðanna „Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunar“ í 3. mgr. 4. gr. laganna kemur: og Haf- og vatnarannsóknir.

b. (17. gr.)

Í stað orðanna „Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunar“ í 5. gr., 1. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr., orðsins „Hafrannsóknastofnun“ í 1. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 10. gr., orðsins „Hafrannsóknastofnunar“ í 1. mgr. 8. gr. og 5. mgr. 10. gr., orðanna „Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunar“ í 1. mgr. 12. gr., og orðanna „Hafrannsóknastofnunar eða Veiðimálastofnunar“ í 1. mgr. 19. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Haf- og vatnarannsóknir.